

Nr. 21.

9.
júli.

Lög

um

fiskimat.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allur saltfiskur, sem fluttur er hjeðan af landi og fara á til Spánar eða Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns. Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, er hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns ritað á farmskrárnar.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar bæði við útskipun og í útflutningsskipunum skulu settar í erindisbrjefum yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

2. gr.

Ráðherrann skipar yfirmatsmennina, og skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn, eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf, um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

3. gr.

Þessir yfirfiskimatsmenn skulu þegar skipaðir og laun þeirra greidd úr landssjóði:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi. Árslaun hans eru 2000 kr. Hann er jafnframt ráðunautur stjórnarráðsins í þeim málum, sem viðkoma fiskimati og fiskverkun.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Vragning af Fisk.

Nr. 21.

9.
Juli.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Al Klipfisk, som udføres her fra Landet og hvis Bestemmelsessted er Spanien eller Italien, hvad enten den udføres direkte dertil eller over andre Lande, skal af Vragere under Vragerformænds Opsyn vurderes og klassificeres efter Kvalitet. Vragerformændene skal ogsaa have Opsyn med dens Udskibning, Stuvning og Behandling i Fragtskibene og udstede Befalinger desangaaende, hvilke de paagældende er pligtige at adlyde. Med hver Fiskeladning skal der følge en Vragerformands Attest, der paategnes Konnossementerne.

Nærmere Regler om Vragningen og Varens Behandling baade ved Udskibningen og i Fragtskibene fastsættes i et af Ministeriet udstedt Arbejdsregulativ for Vragerformændene og Vragerne.

§ 2.

Ministeren beskikker Vragerformændene, der skal have erhvervet sig Kendskab til Vragning af Fisk og Fiskens Tilvirkning og Behandling, enten ved Beskæftigelse som Vragere eller paa anden Maade.

De skal underskrive en Edsformular, om at de vil rette sig efter de Bestemmelser, der er givne angaaende deres Virksomhed, og med Flid og Nidkærhed opfylde de Pligter, der paahviler dem i deres Bestilling.

§ 3.

Følgende Vragerformænd skal straks ansættes og deres Lønninger udredes af Landskassen:

1. Vragerformanden i Reykjavik, hvis Distrikt skal omfatte Strækningen fra Thjorsaa vest til Öndverdarnæs; hans Lønning er 2,000 Kr. om Aaret. Han er tillige Ministeriets Konsulent i Sager angaaende Vragning og Tilvirkning af Fisk.

Nr. 21. Lov af 9. Juli om Vragning af Fisk.

Nr. 21.
9.
júlí.

2. Yfirmatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandasýslu. Árslaun hans eru 1800 kr.

3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi. Árslaun hans eru 1600 kr.

4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norðan frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum. Árslaun hans eru 1600 kr.

5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmannaeyjum. Umdæmi hans eru Vestmannaeyjar og Vík í Mýrdal, og árslaun 800 kr.

Tölu yfirfiskimatsmanna má auka með fjárveiting á fjárlögum og verður þá gerð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskiútflutningsstað svo marga sem yfirfiskimatsmaður telur þurfa og eftir tillögum hans. Þeir skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir eiðstaf, sem stjórnarráðið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem þeir eru búsettir í, til þess að meta saltfisk til útflutnings, skulu útflytjendur greiða þeim í fæðispeninga 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir nauðsynlega þurfa að vera að heiman í þeim erindum, og ferðakostnað, hvorttveggja eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman. Nú er í sömu ferðinni metinn fiskur fyrir fleiri en einn útflytjanda og skal þá jafna þessum kostnaði niður á þá í rjettu hlutfalli.

Kaup fiskimatsmanna fyrir störf þeirra við fiskimat greiða útflytjendur saltfisksins þeim, eftir því sem nánara verður ákveðið í erindisbrjefum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn og fiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipinu eða öðrum, sem við skipið eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum þessum eða erindisbrjefi þeirra.

Þeir mega ekki heldur vera í þjónustu kaupmanna eða annara, sem láta meta fisk til útflutninga.

7. gr.

Auk starfa sinna við mat á saltfiski til útflutnings, skulu yfirfiskimatsmennirnir skyldir að ferðast um í umdæmum sínum eftir samráði við stjórnarráðið og leiðbeina mönnum í fiskimeðferð og líta eftir henni. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr landssjóði eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar. Nú framkvæma þeir jafnframt fiskimat á þessum ferðum og skal þá tiltölulegur hluti ferðakostnaðarins greiddur af útflytjendum þeim, sem fiskur hefir verið metinn fyrir.

8. gr.

Sá sem flytur út eða lætur flytja út saltfisk til Spánar eða Ítalíu, án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann samkvæmt þessum lögum, sæti 100 til 3000 kr. sektum til landssjóðs.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

Nr. 21. Lög 9. júlí um fiskimat.

2. Vragersformanden i Isafjord, hvis Distrikt skal omfatte Strækningen fra Nr. 21. Öndverdarnæs til Reykjarfjord i Strandasyssel; hans Lønning er 1,800 Kr. om Aaret. 9. Juli.

3. Vragersformanden i Akureyri, hvis Distrikt skal omfatte Strækningen fra og med Reykjarfjord øst til Langanæs; hans Lønning er 1,600 Kr. om Aaret.

4. Vragersformanden i Seydisfjord, hvis Distrikt skal omfatte Strækningen fra Langanæs syd til Hornafjord, denne Fjord indbefattet; hans Lønning er 1,600 Kr. om Aaret.

5. Vragersformanden i Vestmanøerne, hvis Distrikt skal omfatte Vestmanøerne og Vik i Myrdal; hans Lønning er 800 Kr. om Aaret.

Antallet af Vragersformænd kan forøges ved Bevilling paa Finansloven, i hvilket Tilfælde den nødvendige Forandring i deres Distrikter bestemmes ved kongelig Resolution.

§ 4.

Paa hvert Fiskeeksportsted beskikker Politimesteren efter Vragersformandens Indstilling saa mange Vragere som denne anser nødvendigt. De skal, forinden de begynder deres Virksomhed, underskrive en af Ministeriet foreskreven Edsformular.

§ 5.

Naar Vragersformænd rejser ud af den Jurisdiktion, i hvilken de har Bopæl, for at foretage Vragning af Klipfisk til Eksport, skal Eksportørerne betale dem 2 Kr. i Diæter for hver Dag, de nødvendigvis som Følge deraf maa være borte fra deres Hjem, samt Rejseomkostninger, begge Dele ifølge Regning, som Ministeriet deciderer, hvis de paa-gældende ikke kan blive enige. Foretages der paa den samme Rejse Vragning af Fisk for flere Eksportører, skal disse Omkostninger forholdsvis fordeles mellem dem.

Vragernes Løn for deres Arbejde ved Vragningen betaler Klipfiskens Eksportører saaledes som nærmere bestemmes i Arbejdsregulativerne for Vragerne.

§ 6.

Hverken Vragersformændene eller Vragerne maa under nogen Omstændigheder modtage nogen som helst Godtgørelse af de Personer, for hvilke Vragningen udføres, af Fragtbaadens Fører eller andre, der har noget med Baaden at gøre, undtagen den Betaling, som er foreskrevet i denne Lov eller i deres Arbejdsregulativer.

Heller ikke maa de staa i Tjeneste hos Købmænd eller andre, der lader udføre Vragning af Fisk til Eksport.

§ 7.

Foruden deres Virksomhed ved Vragning af Klipfisk til Eksport, skal Vragersformændene være pligtige til i Samraad med Ministeriet at rejse om i deres Distrikter for at vejlede Folk med Hensyn til Behandlingen af Fisk og føre Tilsyn med den. Paa disse Rejser faar de Rejseomkostninger betalte af Landskassen ifølge Regning, som Ministeriet godkender. Udfører de tillige Vragning paa disse Rejser, betales en forholdsmæssig Del af Rejseomkostningerne af de Eksportører, for hvilke Vragningen er bleven udført.

§ 8.

Den, der udfører eller foranstalter udført Klipfisk til Spanien eller Italien uden at lade dem vrage eller fremskaffe en Vragerratstest i Henhold til denne Lov, maa bøde 100—3,000 Kr. til Landskassen.

Sager i Anledning af disse Overtrædelser behandles som offentlige Politisager. Nr. 21. Lov af 9. Juli om Vragning af Fisk.

Nr. 21.

9. gr.

9.
júli Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum
þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 9. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

§ 9.

Nr. 21.

Vragerformænd og Vragere straffes for Overtrædelse af denne Lovs Bestemmelser
i Henhold til den almindelige Straffelov.

9.
Juli.

§ 10.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1910.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.